

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa sýslumanni til húsabyggingar.** — Með þóknanlegu brjefi 10. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadalssýslu, Sigurðar Jónssonar, þar sem hann fer þess á leit, að varið verði 5 til 7000 kr. til þess að reisa á lands-sjóðs kostnað embættis bústað í Stykkishólmi fyrir hann og eptirmenn hans í embættinu. **56**  
13. apríl.

Af tilefni þessu skal ekki hjálíða látið að endursenda beiðni þessa, og tjá yður jafnframt þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að eins og beiðni þessi nú liggur fyrir, er eigi unt að veita hana. — Hinsvegar mun ráðgjafinn ekki hafa neitt á móti því að veita beiðanda, ef hann óskar þess alt, að 5000 kr. lán úr viðlagasjóði til húsgerðar í Stykkishólmi, gegn því að hann gefi fyrsta veðrjett fyrir láninu í fasteign þessari með því, er henni fylgir, og með þeim skilyrðum, að láns-upphæðin fari eigi fram úr  $\frac{3}{4}$  verðs þess er húsið verður metið til með löglegri virðingu, þá er það er fullgjört; að eigandi skuldbindi sig til að halda húsinu vátrygðu gegn elds-voda hjá einhverju vátryggingarfélagi, er stjórnin álitur örugt; að lánið verði ávaxtað og endurgreitt á 28 árum með 6 % árlega af upphaflegri upphæð þess, þannig að vöxtum og afborgun sje apturhaldið af launum Sigurðar sýslumanns, og loks að hann skuldbindi sig til að færa sönnur á, nær sem krafizt verður, að eigninni sje haldið í viðunanlegu ástandi, svo að söluverð hennar nemi á hverri tíð eptir gangverði 25 % meiru en þeirri upphæð, er landssjóður á þá hjá eiganda hennar.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til að gjöra akbraut frá Gæsavík upp að Möðruvöllum.** — Með þóknanlegu brjefi 10. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi skólastjórans á Möðruvöllum, þar sem hann sækir um að sjer verði veitt 1000 króna lán af viðlagasjóði, til að láta gjöra akbraut úr Gæsavík og upp að Möðruvöllum, gegn því, að skólastjóri og leiguliði á Möðruvöllum endurgjaldi lánið með vöxtum á 28 árum með 6 af hundradi á ári af hinni upprunalegu upphæð þess. **57**  
13. apríl.

Af tilefni þessu skal jeg, um leið og jeg endursendi ofanefnt skjal, geta þess, að jeg er yður, herra landshöfðingi, samdóma um, að skólastjóri verði sjálfur að semja við leiguliða eða aðra þá, er kynnu að vilja nota veginn, um að þeir greiði honum sanngjarnt gjald fyrir notkunina, og vil jeg þvínæst tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er eigi mótfallinn því, að hið um beðna lán veitist umsækjanda gegn því að hann og þeir, er eptir hann verða skólastjórar á Möðruvöllum, endurgjaldi lánið með vöxtum á 28 árum með 6 af hundradi á ári af hinni upprunalegu upphæð þess, þannig að vöxtum og afborgunum verði haldið eptir af launum þeim, sem lögð eru skólastjóraembættinu, og með því skilyrði, að gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum fái rjett til að nota akbrautina án nokkurs endurgjalds.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breyting á 2. og 3. gr. laga um stofnun læknaskóla 11. febr. 1876.** — Eins og yður er kunnugt, herra lands- **58**  
4. maí.

31. dag maímanáðar 1883.

58 höfðingi, samþykkti alþingi það, er saman kom 1881, frumvarp, er fram kom af einstaks  
4. maí. þingmanns hendi um breyting á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla  
í Reykjavík, og fór fram á bæði að færa þau 4800 króna laun, er landlækninum eru  
lögð, niður í 3600 kr., og svo að ljetta ljósmæðrakennslunni af landlækni, en leggja hana á  
herðar hinum fasta kennara við læknaskólann og að hækka um leið laun þessa kennara  
úr 1800 kr. upp í 2400 kr.

Sá, sem landshöfðingi var þá er þetta frumvarp var sent stjórninni, ljét þá skoðun  
í ljósi, að engin af þeim breytingum, er frumvarpið ætti á að koma, gæti álitizt heppileg.  
Það væri hvorttveggja, að laun þau, er frumvarpið ákvæði embættinu sem landlæknir  
og forstjóri læknaskólans í Reykjavík væri óhæfilega lág, hvort heldur sem litið væri á  
þýðing embættis þessa eða á launahæð þá, er lögð væri embættum þeim, er sem næst  
mætti telja á bord við það, og það jafnvel þótt tillit væri tekið til þess tekjuauka er  
embættismaður þessi gæti haft af lækningum sínum, enda yrði og hinsvegar að álíta  
það miður heppilegt að fela hinum fasta kennara við læknaskólann ljósmæðrakennsluna,  
með því að það embætti mundi oftast verða skipað yngra og óreyndara lækni, heldur en  
forstöðumannsembættið við skólann, og mundi því mega svo ráð fyrir gjöra, að forstöðu-  
maðurinn yrði venjulega hæfari til þessa starfa.

Af þeim rökum, er nú hafa talin varið, og með því að sá ágalli var á samningu  
frumvarpsins, að fyrirsögn þess svaraði eigi til efnisins, með því að gleymt hafði að  
geta þess í henni, að ljósmæðra-lögumum 17. desbr. 1875 yrði einnig breytt við þessi  
lög, þá hlaut ráðgjafanum að þykja það ísjárvert að ráða til að frumvarpið yrði gjört  
að lögum.

Í allraþegnsamlegastri tillögu um mál þetta var því ráðið til þess að synja frum-  
varpi þessu allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátígu konunginum allramildilegast  
þóknast að fallast á tillögu þessa 27. f. m.

Þetta skal eigi hjá líða látið að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar  
vitundar og til þess að þjer birtið það í B-deild Stjórnartíðindanna.

59 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um undan-  
7. maí. færslu manns undan því að takast á hendur hreppstjórn. — Í þóknanlegu brjefi dags  
20. febr. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því að Stefán bóndi Einarsson í  
Möðrudal sem sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu í fyrra vor skipaði hreppstjóra til bráða-  
birgða í Jökuldals og Hlíðarhrepp hafi óhlýðnast þessari skipun, og sent aptur óupp-  
brotið embættisbrjef sem sýslumaður sendi honum sem hreppstjóra, og hafið þjer beiðst  
leiðbeiningar minnar um það, hvort álíta skuli að Stefán hafi brotið á móti embættis-  
skyldu (143. eða 144. gr. hegningarlaganna sbr. 145 gr.) eða hvort yfirsjón hans sje  
í því fölgín, að hann hafi skorast undan að taka á móti hreppstjóraskipun til bráðabirgða.

Útaf þessu skal jeg þjónustusamlega tjá yður að jeg verð að álíta að brot Ste-  
fáns sje brot á embættisskyldu með því að skipun hans var ekki apturkölluð af sýslu-  
manni og samþykki Stefáns þurfti eigi til þess að gefa henni fulla verkun, og vil jeg  
því um leið og jeg endursendi skjöl þau, sem fylgdu ofan nefndu brjefi yðar, skóra á  
yður að hlutast til um, að Stefán verði látinn sæta ábyrgð fyrir þessa óhlýðni sína sam-  
kvæmt ofangreindum lagagreinum.